

Stjórnarfundur LSG (5)

Landeigendafélag Sléttu – og Grunnavíkurbrepps

13.10.2018

Kl. 9:00

Boðaður af	Ingvi Stígsson formaður	Fundur	Stjórnarfundur nr. 5
Fundarstaður	Borgartún 30a, 5h.	Fundarritari	Gunnar H. Kristjánsson
Viðstaddir:	Ingvi Stígsson formaður (IS), Sölvi Sólbergsson varaformaður (SS), Gunnar H. Kristjánsson (GHK) stjórnarmaður, Margrét Katrín Guðnadóttir (MKG) stjórnarmaður, Finnbjörn A. Hermannsson (FAH) stjórnarmaður, Halldóra Kristinsdóttir (HK) varamaður, Sigrún Þorvarðsdóttir (SÞ) varamaður		

Fundargerð

Fundarliður 1: **Hesteyri, þjónustuhús - deiliskipulag - erindi frá skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar** (Ísafjarðarbær: 2018060060)
Tilnefning fulltrúa LSG til að funda með skipulags- og mannvirkjanefnd. Á 503. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, var lagt fram bréf Kristínar Óskar Jónasdóttur og Ólafs A. Jónssonar f.h. Umhverfisstofnunar dags. 17. maí sl., vegna aðstöðuhúss landvarðar. Nefndin bókaði eftirfarandi við umrædd erindi. „Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir frekari upplýsingum s.s. fjölda ferðamanna um svæðið, umfang deiliskipulags og innviði. Jafnframt óskar nefndin eftir fundi með hagsmunaaðilum“
Óskað hefur verið eftir að LSG, Umhverfisstofnun og Hornstrandanefnd tilnefni fulltrúa til að koma til fundar við nefndina.

Niðurstöður: Sölvi verður fulltrúi LSG og ítrekar viðhorf LSG til skipulagsgerðar í friðlandinu frá árinu 2014.

Fundarliður 2: **Látrar í Aðalvík - ósk um niðurrif** - (Ísafjarðarbær 2014090019). Til kynningar. Sjá 1. dagskrárlíð á 504. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar

Niðurstöður: Ekki rætt. Engar niðurstöður.

Fundarliður 3 **Deiliskipulag - Sæborg, Aðalvík** - (Ísafjarðarbær 2018040002). Til kynningar. Sjá 9. dagskrárlíð á 504. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar

Niðurstöður: Ekki rætt. Engar niðurstöður

Fundarliður 4 **Mengunarmælingar á Straumnesfjalli og Látrum**
Til kynningar.

Niðurstöður: Ingvi sendir bréf Umhverfisstofnunar til félagsmanna. Verður sent á landeigendur Látra, Rekavíkur og Stakkadals.

Fundarliður 5 **Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hornstrandafriðland – staðan.** Til kynningar. Starfshópur mun fara yfir athugasemdir við drög að áætlun á fundi 16. október

Niðurstöður: Greinargerð verður mögulega sett á vef LSG skv. Ingva.

Fundarliður 6 **Önnur mál** - Sölvi ræddi um að félagið þyrfti að ræða kvótaregluna í komandi endurnýjun Aðalskipulags 2020 – 2032. Félagið móti sér afstöðu um leikreglur, t.d. varðandi rammaskipulagsgerð hvers svæðis fyrir sig.

Niðurstöður: Stjórn mun útfæra það hvort haldinn verður sérstakur fundur um þau mál.

Fundarliður 7 **Fundargerðir**

Niðurstöður: Fundargerð nr 4 og aðalfundargerð fyrr 2018 samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 10:30.